

Ár 2019, fimmtudaginn 4. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Halldóri Frímannssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2019:

Knattspyrnufélagið Valur
gegn
Knattspyrnudeild Fjölnis

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569,
Hlíðarenda,
101 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Haraldur Hróðmarsson.

Kærði:

Knattspyrnudeild Fjölnis, kt. 631288-7589.
Fossaleyni 1,
112 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Guðmundur L. Gunnarsson.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 31. maí sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 10 júní sl. Engin greinargerð barst frá kærða.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur Vals og Fjölnis 2 í C-deild 3. flokks Íslandsmóts karla sem leikinn var 31. maí sl. að Hlíðarenda, verði breytt og Val úrskurðaður 3-0 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði ekki haldið uppi vörnum í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Vals og Fjölnis 2 í C-deild 3. flokks Íslandsmóts karla sem leikinn var 31. maí sl. að Hlíðarenda, hafi Fjölnir 2 stillt upp þremur leikmönnum sem leikið höfðu daginn áður fyrir Fjölnir 1, í A-deild Íslandsmóts karla.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til greinar 26.1.7 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, um 3. flokk karla, þar sem segir að þegar félag er með tvö A lið 1 móti gildi að leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Fjölnir 2, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Val þann 31. maí 2019 í leik í C-deild 3. flokks karla, Íslandsmóti.

Fyrir liggur í gögnum málsins að lið Fjölnis 2 var m.a. skipað þremur leikmönnum, sem leikið höfðu daginn áður fyrir Fjölni 1, í A- deild Íslandsmóts karla. Með vísan til ákvæða 26.1.7. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót telst hið kærða félag hafa verið ólöglega skipað og þar með brotið gegn ákvæðum 40. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Val, er úrskurðaður 3-0 sigur í leik liðanna þann 31. maí 2019 í C-deild 3. flokks Íslandsmóts karla.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Vals og Fjölnis 2, í C-deild 3. flokks Íslandsmóts karla sem leikinn var að Hlíðarenda þann 31. maí sl., er breytt og Val dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

Kærði, Fjölnir, greiði kr. 10.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson [sign]

Halldór Frímansson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]